

manni 530 krónur í skaðabætur og í málskostnað fyrir undirrétti 40 krónur. Málskostnaður fyrir yfir-dómi fellur niður.

Dóminum á að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 18/1913

Réttvísín

gegn

Þorvarði Guðnasyni og
Benedikt Sæmundssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 18. marz þ. á., voru hinir ákærðu, Þorvarður Guðnason og Benedikt Sæmundsson, húsmenn í Reykjavík, dæmdir samkvæmt 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og sömu grein sbr. 45 gr. sömu laga til að sæta hvor um sig eins árs betrunarhúsvinnu; svo skyldu þeir og greiða in solidum iðgjöld 136 kr. til firmans G. Gíslason & Hay, Ltd., og allan af málinu löglega leið-andi kostnað. En dómi þessum hefir af réttvísinnar hálfu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu með eigin játningu ákærðu, að þeir hafi gert sig seka í eftirgreindum afbrotum :

Nóttina milli 30. og 31. des. síðastl. brutu þeir glugga á vörugeymsluhúsi firmans G. Gíslason & Hay Ltd. við Lindargötu hér í bænum, fóru inn um glugg-

ann og tóku úr húsinu 4 kassa af whisky og 2 hálfsekkí af kaffi, drógu þeir þýfið á sleða heim til Þorvarðar og skiftu því þar jafnt milli sín. Hefir verið skilað aftur því, er óeytt var af hluta Þorvarðar af þýfinu, innihaldi annars whiskykassans, 12 flöskum, og öðrum kaffipokanum að mestu ósnertum, en Benedikt kastaði því, er hann átti óeytt eftir, 7 flöskum og mestu af kaffinu, í sjóinn, er Þorvarður var tekinn fastur og hann bjóst við, að leitað yrði hjá sér. Af hálfu firmans hefir verið krafist 136 kr. skaðabóta, og hafa ákærðu samþykkt þá upphæð.

Nóttina milli 3. og 4. febr. þ. á. gerðu þeir félagar innbrot í skrifstofu Félagsbókbandsins við Lækjargötu 6 A, þannig að ákærði Þorvarður fór þar inn um opinn glugga og spenti þar upp skáp undir skrifborði og komst með því móti í skúffu, er hann átti von á að geymdir væru peningar í. En hann fann þar enga peninga og tók þar ekkert og fóru þeir félagar í burtu við svo búidd. Ákærði Benedikt var á verði fyrir utan meðan Þorvarður var inni. Hina sömu nótt brutust ákærðu inn í skrifstofu og búð Árna Einarssonar kaupmanns við Laugaveg 24. Tók ákærði Benedikt út glugga á skrifstofunni og fór inn um hann í skrifstofuna og þaðan inn í búðina um opnar dyr. Þar dró hann út peningaskúffu og sá þar talsvert af peningum, en »hafði ekki geð eða samvizku« til að taka peningana, þegar til kom, og hörfaði út aftur. Fór þá ákærði, Þorvarður, inn um gluggann, braut upp skrifborð í skrifstofunni með sporjárnri og tók þar úr og tvær buddur, og í kómmóðu fór hann þar einnig og tók þar eða úr skrifborðinu bauk eða pontu silfurbúna. Þessum munum skiftu ákærðu milli sín, er út kom, þannig að Þorvarður fékk úrið og aðra budduna, en Benedikt bauk-

inn og hina budduna, en öllum hefir þeim verið skilað aftur eigandanum.

Loks brutust ákærðu inn í ishús Ísfélagsins við Faxaflóa nóttina milli 7. og 8. febr. þ. á. og hjálpuðust þeir báðir að að brjóta glugga á austanverðu húsinu, en ákærði Þorvarður fór um gluggann inn í húsið og inn í skrifstofu félagsins og braut þar upp skrifborð og tók þaðan nokkuð af smápeningum, líklega um 20 krónur. Peningana, sem voru mest koparpeningar, lét Þorvarður í jakkavasa sinn, en til þess að komast út um gluggann aftur, varð hann, vegna peninganna í vasanum, að fara úr jakkanum og rétti jakkann Benedikt, sem beið fyrir utan. En í því urðu ákærðu þess áskynja, að vart var orðið við þá, og skildu þeir þá, og fór Benedikt með jakkann heim til Þorvarðar, en tók af peningunum, áður en hann skildi hann þar eftir, rúma krónu. 12 kr. og 8 aurum hefir verið skilað aftur og ekki krafist frekara endurgjalds.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa eigi áður sætt ákæru fyrir neinn glæp; og ber að heimfæra afbrot þeirra, er að framan hefir verið lýst, undir 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga, sbr. 55. og að nokkru leyti 45. gr. þeirra, og þykir refsing sú, er þeir hafa til unnið, og sem ákveða ber með tilliti til 63. gr. nefndra laga, hæfilega metin af undirdómaranum 1 árs betrunarhúsvinna að því er ákærða Benedikt Sæmundsson snertir, en eiga að ákveðast 15 mánaða betrunarhúsvinna fyrir ákærða Þorvarð Guðnason. Með því að yfir-dómurinn felst á ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað, ber að staðfesta dóm þenna með greindri breytingu á refsingunni. Ákærðu ber og að greiða in

solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 15 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða Þorvarðar Guðnasonar sé 15 mánaða betrunarhúsvinna. Akærðu greiði og in solidum allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júnímán.

Nr. 25/1913.

Valdstjórnin

gegn

Eggert Bjarnasyni.

D ó m u r :

Með lögregluþingsdómi Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 19. febr. þ. á., var Eggert Bjarnason sjómaður